

um till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á fjórum fundum. Tillagan var send til umsagnar ýmsum aðilum. Eru umsagnirnar birtar á þingskjali 546. Nefndin var sam-mála um, að nauðsyn bæri til að vinna að því, að jarðir færu eigi í eyði, af því að efnamenn keyptu þær vegna hlunninda án þess að ætla að reka á þeim búskap. Reynslan hefur sýnt, að leigujarðir haldast síður í byggð, a. m. k. jarðir í einka-eign. Ástæða fyrir því er sú, að nauðsyn ber til að gera margþættar umbætur á jörðum, til þess að einhverjir vilji á þeim búa. Landsdrottinn vilja ógjarnan leggja í þann kostnað.

Minni hluti nefndarinnar álitur æskilegt, að athugun fari fram á því, hvers vegna jarðir fara í eyði. Er þá eðlilegast, að almenn athugun fari fram á því, enda hagkvæmast vegna vinnutilhögunarinnar, ef á annað borð er lögð vinna í slíkt. Minni hlutinn telur einnig eðlilegt, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri starfi í slíkri nefnd vegna aðstöðu og kunnugleika, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja manninn. Löggjöf um þessa hluti er vandaverk, og minni hlutinn getur ekki fallið á hugmynd meiri hluta allsherjarnefndar, að ákveðinn hluti hlunninda renni í sérstakan sjóð, sem sé eign viðkomandi jarðar, því að hæpið er, að slíkt ákvæði mundi nægja til að koma eyðijörðum í byggð.

Við leggjum því til, að á þingsályktunartillögunni verði gerðar svofelldar

#### BREYTINGAR:

##### 1. Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir í nefndina, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.
2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.
3. Að semja frumvarp til laga, sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi skal nefndin athuga eftirfarandi:

1. Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.
2. Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.
3. Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þegar lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt, sem svarar meðal-útsvari af viðkomandi jörð síðustu þrjú árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili álit og lagafrumvarpi eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

##### 2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir, sem vel eru í sveit settar, fari í eyði.

Brtt. þessi er að miklu leyti samhljóða brtt. fjögurra þingmanna á þskj. 283.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson.  
frsm.